

# DRÖG

MENNTAÞING 2010



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Mennta- og menningarmálaráðuneyti : skýrslur og álitserðir  
Júlí 2010

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólsgrötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

© 2010 Mennta- og menningarmálaráðuneytið

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Aðalnámskrár .....	6
Úr ræðu Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra .....	6
Innlegg stefnumótunar- og þróunardeildar ráðuneytisins.....	7
Innlegg frá skipuleggjendum þjóðfunda.....	7
Úr ræðu ráðherra .....	7
Innlegg .....	8
Námslengd.....	9
Úr ræðu ráðherra: .....	9
Verkefnið á menntaþinginu í málstofunni um námslengd.....	9
Niðurstöður kosningar.....	9
Nemandinn í fyrirrúmi.....	10
Heildarendurskoðun.....	10
Samstarf/samhæfing.....	11
Betri nýting tíma/markvissara nám.....	11
Hagræðing/sparnaður .....	11
Annað .....	11
Velferð í skólum.....	15
Úr ræðu ráðherra .....	15
Verkefnið á menntaþinginu í málstofunni um velferð í skólum.....	15
Líðan og hegðun nemenda.....	17
Vinnugleði og starfsandi í skólum .....	17
Stuðningur við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.....	18
Þátttaka allra í skólastarfi .....	18
Framhaldsskóli fyrir alla?.....	19
Úr ræðu ráðherra .....	19
Verkefnið á menntaþinginu í málstofu um framhaldsskóla fyrir alla.....	19
Aðgerðir gegn brottfalli .....	20
Tengsl skóla og atvinnulífs.....	22
Aukinn jöfnuður til náms.....	23
Ólíkir aldurshópar nemenda.....	25
Almennt menntunarhlutverk .....	26
Lokaorð.....	28

## INNGANGUR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið boðaði til sérstaks Menntaþings í Valsheimilinu að Hlíðarenda þann 5. mars síðastliðinn og tóku um 300 manns þátt í störfum þingsins. Yfirskrift þingsins var heildstæð menntun á umbrotatímum.

Meginástæður fyrir slíku málþingi voru þær að mennta- og menningarmálaráðherra taldi mikilvægt að;

- fá skólafólk til skrafs og ráðagerða um mótun framtíðarstefnu í menntamálum,
- skapa frekari samkennd og auka samvinnu milli þeirra hópa sem koma að skólastarfi,
- skapa vettvang til að veita upplýsingar um stöðu mála, stilla saman strengi og skiptast á skoðunum um ýmis álitamál.

Þingið var sett upp í tveimur hlutum, annars vegar kynning á vinnu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis í námskrármálum og hins vegar þrjár mismunandi málstofur þar sem einstaklingar gátu komið hugmyndum sínum og viðbrögðum á framfæri. Allir liðir menntaþingsins fá vægi í þessari skýrslu en þunginn er þó á úrvinnslu úr þeim gögnum sem söfnuðust í málstofum þingsins.

Hver málstofa hófst á innleggi sem rammaði inn umræðuefnið í hverri málstofu þannig að segja má að áhrifa þeirra gæti verulega í þeim gögnum sem söfnuðust á menntaþinginu. Eftir að innleggjunum lauk tóku við umræður og vinna í hópum. Hver málstofa var framkvæmd tvisvar þannig að fólk valdi sér tvær af þremur málstofum til þátttöku á deginum. Uppbygging málstofanna var sambærileg. Hvert borð hafði borðstjóra skipaðan af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Einstaklingar frá Heimili og skóla, úr akademíunni og frá Kennarasambandi Íslands ásamt starfsmönnum ráðuneytisins skiptu með sér því hlutverki að vera borðstjórar. Hver málstofa fyrir sig hafði sín sérkenni sem komu einna mest fram í skipulagi umræðna og söfnun gagna.

Í málstofu um *námslengd* var Dr. Gerður G. Óskarsdóttir með innlegg byggt á rannsóknum hennar. Í málstofu um *velferð* var Guðni Olgeirsson með almennt innlegg um áherslu á velferð í skólastarfi og í málstofu um *framhaldsskóla fyrir alla* var Dr. Gestur Guðmundsson með innlegg þar sem hann dró fram atriði til umræðu í málstofunni. Öll innleggin er hægt að nálgast á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Á menntaþingi stjórnaði ráðstefnustjórinn Guðrún Geirsdóttir úrvinnslu og framsetningu á niðurstöðum en að menntaþingi loknu vann hópur sérfræðinga úr ráðuneytinu sérstaklega úr hverri vinnustofu og tók Rósa Gunnarsdóttir að sér að samhæfa niðurstöður og framsetningu. Hér á eftir koma nánari niðurstöður hverrar málstofu.

Yfirlit yfir gögn sem safnað var á Menntaþingi:

Málstofa	Gögn
Námslengd	Veggspjöld Kosningar Samantekt borðstjóra
Velferð	Miðar Samantekt borðstjóra
Framhaldsskóli fyrir alla?	Miðar Samantekt borðstjóra

Gögn af Menntaþingi 2010 eru varðveitt á skjalasafni mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

## AÐALNÁMSKRÁR

### Úr ræðu Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra

Við endurskoðun aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á m.a. að taka mið af niðurstöðum vinnuhópa sem ég setti upp á síðasta ári til að skilgreina fimm grunnpætti menntakerfisins.

Grunnpættirnir taka mið af áherslum í markmiðsgreinum laganna og eiga að einkenna allt skólastarf; inntak kennslu, námsaðferðir og samskipti í skólum. Grunnpættirnir eru *læsi í víðum skilningi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf*. Í vinnuhópum sem hafa skilgreint betur grunnpættina sátu sérfræðingar úr háskólasamfélaginu og ráðuneytinu ásamt kennurum af vettvangi skólastarfs. Þessi samsetning hópsins var að mínu mati mikilvæg og afraksturinn góður. Grunnpættirnir eru hugsaðir sem leiðarstef fyrir öll skólastigin um hvernig byggja eigi upp öflugt skólasamfélag og lýsing á hæfni sem hver og einn þarf að búa yfir til að geta lifað og unnið í sátt við sjálfan sig, þróast í og með umhverfi sínu og áttað sig á möguleikum sínum til að bæta lífskilyrði sín og annarra.

Nú vitið þið jafnvel og ég að hugtök eins og lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi skólastarf eru langt frá því nýjabrum í íslenskum námskrám en þessi hugtök hafa að mínu mati hingað til ekki verið skilgreind nægilega vel eða þeim fylgt eftir í gegnum markmiðssetningu eða innleiðingu á námskrám þannig að þau yrðu nægilega virkur þáttur í öllu skólastarfi.

Læsi er heldur ekki nýtt hugtak í skólastarfi, heldur ein elsta námsgreinin í almenningsfræðslunni (næst á eftir kristindómnum!). Læsi öðlast nú víðari merkingu en áður. Upphaflega var einungis átt við ritað mál og færnin fólst í því að geta lesið ritaðan texta, skilið hann og auðgað þekkingu sína. Í seinni tíð hefur framsetning texta breyst sem hefur kallað á meiri gagnrýni og fjölbreyttari greiningarhæfni. Eitt sinn var talið nægilegt að kennarar einbeittu sér fyrst og fremst að hinni tæknilegu hlið lestrar námsins. Í minni barnæsku var áherslan á lestrarhraða og stafrétta nákvæmni. Slíkar mælingar segja þó fátt um skilning og enn minna um áhuga, innlifun eða gagnrýna athugun. Ný skilgreining á læsi kallar á annars konar kennsluhætti og víðtækara námsmat en áður tíðkaðist og veit ég að margir skólar hafa verið að þróa vinnulag í þessa átt.

Menntun til sjálfbærni er líklega það hugtak sem styst reynsla er af í íslenskum námskrám. Í stuttu máli má segja að sjálfbærni feli í sér einhvers konar jafnvægisástand, að við sinnum þörfum okkar án þess að skerða eigin framtíðarmöguleika eða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.

Þótt grunnpættirnir fimm – lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, læsi, menntun til sjálfbærni og skapandi starf – séu settir fram sem einstakir þættir er gert ráð fyrir að þeir tengist innbyrðis með ýmsum hætti í menntun og skólastarfi. Í reynd eru þeir allir nátengdir og innbyrðis háðir.

Í framhaldi af þessu er vert að spyrja sig hvernig á að skapa rými fyrir aukna áherslu á þessa þætti. Þróunin síðan 1999 var í rauninni í gagnstæða átt. Vikulegum viðmiðunarstundum í skyldunámi hefur fækkað í lykilgreinum, s.s. list- og verkgreinum og íslensku. Það var gert til að skapa meira svigrúm fyrir valgreinar en árið 1999 varð 30% af námi nemenda í 9. og 10. bekk gert valkvætt. List- og verkgreinar voru ekki lengur skyldubundnar í efstu bekkjunum og tímum fækkað í neðri bekkjum (samanlagt 6% rýrnun). Með breytingum á grunnskólalögum 2006 og enn frekar staðfest í nýjum

grunnskólalögum 2008 var valið aukið enn frekar þannig að allt að þriðjungur náms í 8.-10. bekk á að verða valkvætt. Ekki fylgdi með útfærsla á því hvaða bundnu stundum átti að fórna til að auka valið. Það var sett í hendur skólanna að þróa það í skólanámskrám. Vitað er að nám í verklegum greinum er gjarna dýrara en hefðbundið bóklegt nám og þegar kreppir að hafa sveitarfélög minna bolmagn til að halda úti slíku námi. Einhverjir nemendur læra nú ekkert í list- eða verkgreinum í 9. og 10. bekk, annaðhvort vegna þess að takmarkaður fjöldi kemst í þau valfög, framboð er af skornum skammti eða að þeir telja sig þurfa meiri tíma eða aðstoð í bóklegum fögum sem virðast njóta meiri virðingar og gefa meiri möguleika þegar í framhaldskóla er komið. Sá gríðarlegi fjöldi grunnskólanemenda sem sótt hefur í bóklega framhaldsskólaáfanga segir einnig til um að valið hefur verið nýtt að stórum hluta til frekara bóknáms. Því er ljóst að aukið valfrelsi hefur ekki endilega fært nemendum fjölbreyttari menntun. Ég hef hug á því að fresta þessu aukna vali í nýju lögunum og taka viðmiðunarstundaskrána til sérstakrar athugunar út frá þeim nýju áherslum sem þróaðar hafa verið innan ráðuneytisins á síðustu misserum um aukinn veg skapandi starfs í skólum, meiri áherslu á læsi, lýðræði, jafnrétti og menntun til sjálfbærni. Velta þarf fyrir sér spurningum eins og hvernig hlúð er að list- og verknámi á öllum skólastigum, ekki bara í hinum skilgreindu list- og verkgreinum heldur í öllu almennu námi. Í nýrri úttekt Anne Bamford á listmenntun á Íslandi er bent á mikilvægi starfsmenntunar listgreinakennara og aukins samstarfs allra skóla við listamenn, stofnanir og samfélagið í heild.

### **Innlegg stefnumótunar- og þróunardeildar ráðuneytisins<sup>1</sup>**

Sjá glærur: [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-ppt-malthing/menntathing\\_mars10\\_birting.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-ppt-malthing/menntathing_mars10_birting.pdf)

## **INNLEGG FRÁ SKIPULEGGJENDUM ÞJÓÐFUNDA**

### **Úr ræðu ráðherra**

Ég fagna því framtaki að halda þjóðfund um menntamál og hlakka til að heyra hér á eftir nánar frá niðurstöðum, bæði frá Maurapúfunni sem stóð fyrir sérstökum þjóðfundi um málefni leik- og grunnskólans og svo fulltrúum sóknaráætlunar ríkisstjórnarinnar sem staðið hafa fyrir þjóðfundaherferð út um allt land þar sem m.a. hefur verið rætt um menntamál. Fyrir hrun hefði orðræða af slíkum þjóðfundi vætanlega tengst rekstrarfyrirkomulagi, stöðlum og gæðamælingum til að tryggja samkeppni ef marka má almenna umræðu í samfélaginu fyrir hrun. Þeir straumar sem voru ráðandi á síðustu árum má lýsa með þremur meginhugtökum: Dreifstýringu, einkarekstri og auknu valfrelsi. Þessar áherslur voru ekki í brennidepli á þjóðfundum um menntamál. Það segir til um miklar breytingar í menntaumræðu samtímans. Á afstöðnum fundum virðast önnur atriði og mannlegar áherslur vera ofar í huga fólks eins og líðan nemenda, virðing, samskiptahæfni, borgaravitund, sköpunarkraftur og gleði, samfella og inntak menntunar, efling kennaramenntunar og krafa um að þær stöðir menntakerfisins sem hvetja til gagnrýnnar og skapandi hugsunar verði treystar. Það er reyndar ánægjulegt hvað þetta hljómar vel við mínar eigin hugmyndir. Nú eru raddir þjóðarinnar fjölbreyttari og e.t.v. meiri hljómgrunnur fyrir margs konar sjónarmiðum. Á þessum nótum er efnt til þessa málþings.

---

<sup>1</sup> Ábyrgð á textavinnu og framsetningu: Sigurjón Mýrdal, Sesselja Snævarr, Björg Pétursdóttir og Krístrún Ísaksdóttir.

## **Innlegg**

Hægt er að lesa nánar um þjóðfund um menntamál sem haldinn var í febrúar 2010 á vefsíðu fundarins og einnig er hægt að lesa þar innlegg Kristínar Dýrfjörð frá menntaþinginu, sjá nánar: <http://menntafundur.ning.com/>

Markmiðið með Sóknaráætlun Íslands til 2020 er að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Ísland skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Sóknaráætlunin verði byggð á jafnrétti kynjanna, heilbrigðum viðskiptaháttum og grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndir sjálfbærrar þróunar. Hægt er að kynna sér ýmsar upplýsingar um sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar til 2020 hér: <http://www.island.is/tuttugu-verkefni> og [http://www.island.is/endurreisn/soknaraetlun-islands/20/20\\_soknaraetlun\\_fyrir\\_island](http://www.island.is/endurreisn/soknaraetlun-islands/20/20_soknaraetlun_fyrir_island)



## NÁMSLENGD<sup>2</sup>

### Úr ræðu ráðherra

Áður en lengra er haldið er rétt að minna á að skólakerfi eru félagsleg hugsmíð. Þau eru því breytileg eftir samfélögum, tímabilum og menningarheimum. Það kerfi sem við búum við í dag er því ekki náttúrulögmál. Krefjandi viðfangsefni eru framundan í menntun og skólastarfi á þeim umbrotatímum í efnahagsmálum og þjóðlífi sem við nú lifum. Gæta þarf ýtrasta aðhalds og draga saman í fjárveitingum til reksturs skóla á sama tíma og kröfur um góða menntun og þjónustu við nemendur eru síst minni. Breytt menntasýn þjóðarinnar og landslag í fjármálum geta falið í sér tækifæri til gagngerrar endurskipulagningar á skólakerfinu, þessum félagslega veruleika sem við höfum mótað á löngum tíma. Skil milli skólastiga og námstími eru dæmi um atriði sem talsvert hafa verið í umræðunni. Endurskipulagning á þessum þáttum eru til umræðu í málstofu hér í dag þar sem gert er ráð fyrir framlagi ykkar til þessarar umræðu.

Hingað til hafa áttakapólar í umræðu um námstíma nemenda einskorðast við styttingu framhaldsskólans eða óbreytt ástand en mikilvægt er að skoða almennt nám frá leikskóla til loka framhaldsskóla í órofa samhengi og með því skapast fleiri möguleikar. Ákveðið var að fá ykkur þátttakendur góðir til að leggja orð í belg og velta fyrir ykkur hugsanlegum möguleikum til að endurskipuleggja kerfið.

### Verkefnið á menntaþinginu í málstofunni um námslengd


Þeir tveir hópar sem fjölluðu um námslengd á menntaþinginu fengu í hendur fjóra valkosti til að ræða. Þrír þessara valkosta fjölluðu um mismunandi leiðir til að stytta samanlagðan námstíma grunn- og framhaldsskóla en síðasti valkosturinn var að stytta ekki. Eftir að hafa hlustað á fróðlegt erindi dr. Gerðar G. Óskarsdóttur (<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntathing>) og örstuttar hópumræður fór fram kosning um þessa fjóra valkosti. Eftir kosninguna hófust umræður um efnið í u.þ.b. 10 hópum í hvorri málstofu og fengu hóparnir það verkefni að ræða þessa valkosti og setja fram kosti og galla þeirrar leiðar sem mest stuðnings naut innan hópsins. Því til viðbótar stóð öllum til boða að setja fram aðrar skoðanir og tillögur á sérstökum miðum sem borðstjóri úthlutaði.

### Niðurstöður kosningar

Alls tóku 142 einstaklingar þátt í kosningunni. Meginniðurstaða kosningarinnar var að nær allir þátttakendur völdu kost sem fól í sér styttingu á heildarnámstíma grunn- og framhaldsskóla (sjá mynd 1). Aðeins þrír þátttakendur völdu ekki styttingu og tveir vildu bæta við nýjum valkosti. Af þeim sem völdu styttingu valdi mikill meirihluti (60%) leið B, þ.e. að styttingin skiptist milli grunnskólans og framhaldsskólans. 28% völdu að styttingin yrði í framhaldsskólanum og 9% völdu að stytta grunnskólann.

<sup>2</sup> Ábyrgð á inntaki, ramma og mótun spurninga: Berglind Rós Magnúsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Sigurjón Mýrdal, Sesselja Snævarr. Úrvinnsla gagna: Stefán Baldursson og Guðrún Svansdóttir. Fundarstjóri: Védís Grönvold.

Mynd 1: Niðurstaða kosningar á menntaþingi



Skýring á mismunandi leiðum:

- Leið A: Stytting framhaldsskólans
- Leið B: Stytting námstíma dreift á framhaldsskólann og grunnskólann
- Leið C: Stytting grunnskólans
- Leið D: Ekki stytting
- (Leið E:) Annað

Niðurstöður hópanna voru í samræmi við niðurstöðu kosningarinnar. Flestir hóparnir fjölluðu um kosti og galla þess að stytta bæði grunnskólann og framhaldsskólann þótt skiptar skoðanir væru um þá leið innan hvers hóps. Þeir sem vildu sjá fleiri valkosti bentu á nauðsyn þess að skoða námslengdina í ljósi menntakerfisins alls, þ.e. einnig leikskóla- og háskólastigsins.

Þegar rýnt er í þá punkta sem hóparnir skiluðu af sér má greina mjög fróðlegar ábendingar og tillögur sem snerta styttingu námstíma bæði beint og óbeint. Það kom berlega í ljós að í hugum flestra þátttakenda er spurningin um styttingu námstíma ekki tæknileg spurning heldur spurning sem varðar kjarna skólastarfsins, hlutverk skóla og starfshætti. Hér á eftir verður gerð tilraun til að greina ábendingar og tillögur þátttakenda í þeim tveimur hópum sem fjölluðu um námslengd, bæði þær sem settar voru fram á veggspjöldum hópanna og þær sem settar voru fram á miðum frá einstökum þátttakendum. Það voru einkum fimm efni sem stóðu upp úr.

## Nemandinn í fyrirrúmi

Skipulag skólastarfsins á að taka meira mið af þörfum nemandans en aldri hans. Til að slíkt sé mögulegt þarf mun sveigjanlegra og samfelldara menntakerfi og hæfnimiðaða námskrá. Nemendur þurfa mismilangan tíma til að tileinka sér markmiðin en einnig þurfa nemendur að eiga aðgang að námi við hæfi sem aftur kallar á fjölbreytilegt námsframboð á báðum skólastigum. Einhverjir nefndu einstaklingsbundnar kennsluáætlanir og aðrir lögðu áherslu á enn meiri stuðning við nemandann. Sú skoðun kom fram að lögbundin stytting náms gæti komið niður á nemendum sem standa höllum fæti í skólakerfinu.

## Heildarendurskoðun

Þótt flestir þátttakenda á þinginu héldu sig við þá valkosti varðandi styttingu sem útlistuð var á kjörseðlum kom í ljós lítill hópur þátttakenda sem vildi skoða breytingar á menntakerfinu í enn víðara samhengi. Einhverjir vildu skoða breytingar í samhengi bæði við leikskólastigið og háskólastigið en aðrir vildu draga mörkin milli skólastiga með öðrum hætti en nú tíðkast. Þannig vildi einhver draga mörk milli grunn- og framhaldsskóla í kringum 13 ára aldurinn, eins og þekkist sums staðar, en annar vildi sameina grunnskóla og framhaldsskóla í einn samræmdan skóla og innleiða skólaskyldu til 18 ára aldurs. Einn hópurinn lagði áherslu á að menntakerfið yrði að vera sem líkast því sem tíðkaðist í

nágrannalöndum okkar án þess að skýra það nánar. Í þessari umræðu kom einnig fram sú skoðun að mismunandi nám gæti verið mislangt. Til dæmis gæti nám til stúdentsprófs verið styttra en nám til starfsréttinda.

### **Samstarf/samhæfing**

Mestur tími hópanna fór í að ræða samstarf og samhæfingu grunn- og framhaldsskóla í tengslum við styttingu námstímans. Að mati flestra er of mikill munur á starfsháttum grunnskóla og framhaldsskóla og samstarf þessara skólastiga allt of lítið. Mikilvægt sé að efla traust milli skólastiganna og samhæfa að einhverju leyti starfshætti. Nauðsynlegt sé að samhæfa námskrár þessara skólastiga (þar með talið mat á námi milli þessara skólastiga), efla samræðu milli skólastiganna og auka upplýsingaflæði í báðar áttir. Einnig var nefnt að með lengingu kennaramenntunar mætti samræma kennaramenntun fyrir skólastigin þannig að kennarar gætu kennt á báðum skólastigum en aðrir töldu nauðsynlegt að auka sérhæfingu í kennaramenntun á efri stigum. Margir voru á þeirri skoðun að þessi samhæfing væri auðveldari ef rekstur grunnskóla og framhaldsskóla væri á einni hendi en skiptar skoðanir voru á því hvort reksturinn ætti þá að vera í höndum ríkis eða sveitarfélaga.

### **Betri nýting tíma/markvissara nám**

Margir þátttakendur nefndu að bæta þyrfti starfshætti í grunn- og framhaldsskólum í tengslum við styttingu námstíma. Til dæmis mætti með breyttum áherslum og betra vinnulagi gera nám nemenda markvissara og draga úr þeim tíma sem það tekur nemandann að ljúka námi. Brýnt væri að koma í veg fyrir óþarfa skörun í kennslu milli bekkja og skólastiga og nýta betur skólatímamann, t.d. með fækkun prófadaga. Samhliða þessu þyrfti að efla námsráðgjöf og þróa enn frekar það námsmat sem notað er í skólum, t.d. með því að efla sjálfsmat nemenda. Stytting náms á þessum forsendum gæti hugsanlega einnig dregið úr brottfalli í framhaldsskólum.


### **Hagræðing/sparnaður**

Almennt var ekki mikið fjallað um hina hagrænu hlið styttingar námstíma í vinnuhópunum en ýmsir nefndu þennan þátt. Bent var á að hægt væri að ná hagræðingu með samrekstri grunnskóla og framhaldsskóla, t.d. með betri nýtingu skólahúsnæðis. Þá bentu einhverjir á að með samrekstri mætti bjóða upp á fjölbreytilegra nám. Þá var bent á að skólakerfið gæti gengið lengra í því að meta ýmiss konar samfélagsþátttöku sem hluta af náminu.

### **Annað**

Þegar rýnt er í punktana frá hópunum sést að einhverjir þátttakendur töldu að menntaþingið einblíndi um of á skólakerfið sem slíkt á kostnað fræðslukerfisins sem það er hluti af. Skoða þyrfti betur tengsl opinbera skólakerfisins við aðra fræðslustarfsemi í landinu.


Dæmi um veggspjöld sem þingestir unnu.



Eyjafalla skóli borð 3, seinni málstofa


(A)

# Stytting framhaldsskólans



# Aukin skilvirkni skólastarfs

(A) (50%)



### Úr ræðu ráðherra

Mér finnst við hæfi að hefja tölu mína á því að ræða velferðarmál. Ég leyfi mér að fullyrða að fátt er jafn mikilvægt og öflugt menntakerfi fyrir þjóð sem þarf að byggja sig upp á ný. Árangur í uppbyggingu samfélagsins byggist ekki síst á samstöðu og fagmennsku þeirra sem starfa í skólunum í góðu samstarfi við grenndarsamfélagið. Í nýju menntalögunum frá 2008 er lögð mikil áhersla á almenna velferð nemenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, á farsælt skólastarf og öryggi. Nú eru í vinnslu reglugerðir sem eiga m.a. að stuðla að jákvæðum skólabrag, festa í sessi fjölbreytta sérfræðiþjónustu og skapa betri leiðir til að allir nemendur fái notið skólavistar námslega og félagslega með jafnrétti til náms og virka þátttöku að leiðarljósi.

Hvað varðar sérfræðiþjónustuna er í bígerð sú áherslubreyting að lagt verði meira en áður upp úr því að kennarar geti fengið stuðning og ráðgjöf til að bregðast við erfiðleikum sem koma upp í kennslustofunni hvort sem þeir tengjast einstaklingum eða hópum. Þessir erfiðleikar geta verið af ýmsum toga, s.s. einelti og fordómar eða þættir sem kalla á kennslufræðilega ráðgjöf til að skapa öflugra námssamfélag, meiri vinnugleði eða jákvæðara starfsumhverfi nemenda og kennara. Kreppan hefur skapað aukið álag á starfsfólk og nemendur og nauðsynlegt er að fylgjast náið með þróuninni í skólunum og bregðast við þegar útaf bregður. Mikilvægt er að kennarar finni fyrir miklum stuðningi frá stoðkerfinu og öllum þeim sem koma að skólastarfinu til að ná sem bestum árangri og líða vel í starfi. Þegar allt kemur til alls er það kennarinn í skólastofunni, líðan hans, áhugi og fagmennska sem skiptir sköpum um gæði skólastarfsins. Ég hef með lögum um menntun kennara lagt grunn að öflugri starfsmenntun kennara sem standa á samanburð við það besta sem þekkest. Samtímis þarf að standa vörð um öfluga símenntun kennarastéttarinnar. Góður kennari getur gert kraftaverk. Hann er kjölfestan í menntakerfi okkar.

Þessu til viðbótar hefur verið unnið að ýmsum aðgerðum til að vinna gegn einelti í skólum og forvarnarverkefnum á öllum skólastigum. Velferðarhópur er starfandi í ráðuneytinu sem hefur fylgst náið með þróun mála. Ekki má svo gleyma hlutverki foreldra og mikilvægum stuðningi þeirra til að byggja öflugt skólasamfélag, fylgja eftir velferð nemenda og styðja við faglegt starf í skólum og foreldrar leggja mikið af mörkum í því að halda utan um nemendahópa með margvíslegu foreldrarstarfi. Hér á eftir verður málstofa um velferð í skólum þar sem þessi mál verða rædd frekar og ykkur gefst tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum um ákveðnar aðgerðir í því skyni.

### Verkefnið á menntaþinginu í málstofunni um velferð í skólum

Málstofan var lögð upp með innleggi frá Guðna Olgeirssyni

(<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntathing>) og að innleggi loknu fengu þátttakendur stutta stund til að íhuga þau atriði sem þeir töldu skipta máli hvað viðkemur velferð nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Skráðu þeir þessar hugleiðingar niður á miða og má sjá úrvinnslu úr þeim í hluta 1 hér á eftir.

<sup>3</sup> Umsjón með inntaki, ramma og mótun spurninga: Velferðarhópur ráðuneytisins en í honum sitja Guðni Olgeirsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna María Eyjólfsdóttir, Óskar Ármannsson, Ragnheiður Bóasdóttir, Stefán Stefánsson, Védís Grönvold. Úrvinnsla gagna: Ásgerður Kjartansdóttir og Ásgerður Kjartansdóttir. Fundarstjóri: Stefán Stefánsson.

Seinni hluti málstofunnar fór svo í að hvert borð fékk fyrirframskilgreint umræðuefni og lögðu fram hugmyndir um aðgerðir og stefnu.

### **Seinni hluti**

#### **Umræðuefni:**

1. *Líðan og hegðun nemenda* (3 borð).
2. *Vinnugleði og starfsandi í skólum* (3 borð).
3. *Stuðningur við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra* (2 borð).
4. *Þátttaka allra í skólastarfi* (2 borð).

Borðstjórar á hverju borði tóku saman tvo til þrjá meginþætti úr umræðunum á hverju borði. Nánari úrvinnslu úr þeim skjólum og miðum sem þeim fylgdu má sjá í hluta 2 hér á eftir.

Safnað var saman öllum hugmyndum og miðum sem komu fram í málstofunni og þeir skráðir niður. Að því loknu voru miðarnir flokkaðir gróflega niður eftir innihaldi og stuðst við orðræðugreiningu við frekari úrvinnslu. Niðurstöður sem hér fylgja eru að mestu leyti orðréttar af miðunum en settar upp í samfellt mál innan hvers flokks.

Viðbrögðum þátttakenda við spurningunni ***Hvað er mikilvægast að gera til að efla velferð í skólum miðað við núverandi aðstæður?*** má skipta í nokkra megin flokka.

Efst á baugi var ***áherslan á samskipti og samstarf***. Þá var bæði um að ræða samskipti milli nemenda, milli nemenda og kennara og svo einnig samstarf foreldra og kennara í öllu skólastarfi. Mikil áhersla var lögð á að börnin upplifðu viðurkenningu, virðingu, samkennd og umhyggju. Að samskipti væru góð og jákvæð, að allir sem kæmu að námi og starfi barnanna væru vel upplýstir og að stuðningur og sérfræðiþjónusta skóla væri virk og kerfisbundin. Að unnið væri með óæskilega hegðun sem og bráðger börn. Að efla þurfi félagslíf í skólum og tengsl nemenda og kennara.

Upp komu tillögur og aðferðir sem geta nýst til að auka og auðga samskipti innan skóla og milli skóla og heimila.

***Skólamenning*** var annað þema sem kom sterkt fram í hugmyndum þingsgesta. Þar var lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð allra sem koma að skólastarfi, jafnt foreldra, barna og kennara sem og annarra starfsmanna. Góður starfsandi er talin vera lykill að aukinni velferð allra í skólastarfi. Aukin handleiðsla og stuðningur fyrir skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk var talinn mikilvægur. Skólar gætu þróað eigin sérkenni, svo sem með áherslum á heildstæðan skóla, samfellu í vinnudegi barna, endurskoðun hugmyndafræði frímínútna, búa til náttúruskóla með dýrum, skera upp hugmyndafræði sem gengið er út frá við gerð kjarasamninga .

Segja má að ***heilsuefling*** megi einnig flokka sem hluta af skólamenningunni sem fjallað var um hér að ofan. Fram komu hugmyndir að aðgerðaáætlunum í tengslum við forvarnir, vímuvarnir, einelti, aukna skólaheilsugæslu og skólahjúkrun á geðsviði barna og tryggja tannlæknaþjónustu. Einnig var nefnt frekara samstarf allra aðila sem gætu komið að velferð barna s.s. við Rauða krossinn, Lions, Kiwanis, kvenfélög og félagsmiðstöðvar. Hugmyndir komu jafnvel fram um að draga mætti úr hefðbundnu skólastarfi til að rýma fyrir velferðarvinnu, kennarar og nemendur fengju tækifæri til að sækja sér ráðgjöf.



**Fjölbreytni í skólastarfi** var einnig nefnd sem þáttur í aukinni velferð í skólum. Þar var nefnt sérstaklega skapandi starf, fjölbreyttar kennsluaðferðir og samþætting námsgreina. Einstaklingsmiðun í námi og kennslu, sterkari markmiðasetning í skólastarfi í samstarfi við skóla og grenndarsamfélag var einnig nefnt til sögunnar.

Athyglisvert var hversu mikil áhersla var á aukið **samstarf við grenndarsamfélagið** og voru orð eins og að skólinn ætti að vera mannlífstorg hverfa og sáttmáli samfélags um skólana algeng í hugmyndum þinggesta. Hugmynd kom fram um að rjúfa skil milli skólastiga með fóstrakerfi milli skólastiga og lagt var til að nemendur úr framhaldsskólum ynnu sem sjálfboðaliðar í grunnskólunum.

**Tillaga að skólar og/eða sveitafélög myndu halda eigin menntaþing** með aðferðum Maurapúfunnar til að auka aðkomu allra að skipulagi og stefnu skólamála í hverfum og efla þannig tengsl milli skóla og tómstundastarfs.

### Líðan og hegðun nemenda

Líðan og hegðun nemenda var rædd á þremur borðum í hvorri málstofu. Niðurstöðurnar sem hér koma á eftir eru unnar upp úr báðum málstofum og er búið að greina þau þemu sem komu einna sterkust fram.

Viðurkenning og virðing einstaklingsins sem manneskju ætti að vera sem grundvöllur alls sem gerist í skólastarfinu og þannig að bæta líðan og hegðun. Skólinn verður að vera griðastaður fyrir börnin, að hlúð sé að þeim bæði líkamlega og andlega. Virk þátttaka allra sem koma að skólanum ýtir undir bættu líðan. Öflug skólamenning - samstaða, samábyrgð, rækta hefðir, öflug ráðgjöf, metnaðarfullt nám og kennsla - er grunnur að bættri líðan. Lagt er til að uppfylla verði grunnþarfir áður en nemendur geti í raun menntast. Hlusta verði á nemendur og skoðanir þeirra með virku nemendalýðræði og tjáningarfrelsi.

Sérfræðiaðstoð þarf að verða skilvirkari og gagnsærri og þá jafnvel með einhverskonar reiknilíkani. Olweusar-áætlun og virkar forvarnir séu hluti af samstarfi skóla, sveitarfélaga og foreldra. Kennarar og foreldrar þurfa frekari handleiðslu vegna fjölbreytileika nemendahópsins, að kennarar fái frekari undirbúning fyrir hið ófyrirséða í starfi sínu. Auka beri áherslu á jafningjafræðslu í skólum bæði til handa kennurum og nemendum og að raddir foreldra verði kannaðar.

### Vinnugleði og starfsandi í skólum

Vinnugleði og starfsandi í skólum var til umræðu á þremur borðum í hvorri málstofu. Niðurstöðurnar sem hér koma á eftir eru unnar upp úr báðum málstofum og er búið að greina þau þemu sem komu einna sterkust fram.

Hér kom aftur fram líkt og í málstofunni um líðan og hegðun nemenda að skólinn ætti að vera griðastaður þar sem hrós, jákvæðni og gleði ætti að einkenna samskipti. Umhyggja ætti að vera grunnur að skólastarfinu.

Áhersla var lögð á samstarf kennara, foreldra og annars starfs/fagfólks, að mannauðurinn sé nýttur sem skildi og að kennsluhættir ættu að einkennast af fjölbreytileika og skapandi og krefjandi vinnu. Allir ættu að njóta sín í skóla með gleði að leiðarljósi og að brjóta mætti upp starfið í auknum mæli.

## Stuðningur við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra

Stuðningur við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra var til umræðu á tveimur borðum í hvorri málstofu. Niðurstöðurnar sem hér koma á eftir eru unnar upp úr báðum málstofum og er búið að greina þau þemu sem komu einna sterkust fram.

Ofarlega í huga fólks var að skólinn eigi að vera griðastaður fyrir alla, nemendur, kennara og foreldra. Samvinnu þarf að gera einfaldari og auka aðgengi allra að ákvarðanatöku og skipulagi.

Efla þarf stuðningskerfi í skólum með því að útvíkka hugtakið, þ.e. nýta þá krafta sem búa innan skólans með jafningjastuðningi, stuðningi milli kennara og finna styrkleika starfsfólks farveg innan skóla.

- Bjóða upp á að nemendur og kennarar geti nýtt skólann í óformlega samveru.
- Þjálfa kennara og starfsfólk í foreldrasamstarfi til að auka líkur á góðum starfsanda og samstarfi.
- Líðan kennara og barna verði könnuð. Markviss áætlun gerð út frá því hvað þurfi að gera.
- Velferðavakt sveitarfélaga verði gerð virk. „Time out“ starfsmanna í hverjum skóla ef nemendur/kennarar eru að brenna út.
- Handleiðsla fyrir skólastjórnendur. Sálfræðingur fyrir starfsfólk. Virkja samheldni.
- Heildstæðan skóla - allt á sama stað. Skólinn - heimanám, tómsundur, íþróttir.
- Handleiðsla fyrir starfsfólk og nemendur. Jafningjastuðningur milli nemenda. Teymisvinna/Nám nemenda. Heildstætt samstarf v. sérfræðiþjónustu.
- Félagahjálp - fá eldri nemendur til að aðstoða eldri - félagslega og námslega. Efla samstarf og samveru alls starfsfólks. Virkt nemendalýðræði - bekkjafundi.

## Þátttaka allra í skólastarfi

Þátttaka allra í skólastarfi var rædd á tveimur borðum í hvorri málstofu. Niðurstöðurnar sem hér koma á eftir eru unnar upp úr báðum málstofum og er búið að greina þau þemu sem komu einna sterkust fram.

Hér komu fram ferskar og áhugaverðar hugmyndir um að skólinn ætti að vera hjartað í hverfinu og að kalla ætti alla að borðinu við gerð skólafestu, hafa einskonar íbúðing og virkja þannig þann mannauð sem liggur í grenndarsamfélaginu. Hugmyndir að því að fá sjálfboðaliða inn í skólana komu fram, jafnt frá öðrum skólastigum sem og úr atvinnulífinu.

Áhersla var lögð á að tengja félagskerfið skólanum á virkan hátt og opna húsnæði skóla til annarra nota sem frekari miðstöð félagsstarfa í hverfum, jafnvel að opna mötuneyti skóla meira fyrir hverfinu með morgunkaffi með foreldrum og eldri borgurum og þessháttar.

Æskilegt væri að auka tíma kennara með nemendum á skólatíma en samt fækka kennslustundum, frekar auka tíma til spjalls og samveru.

Auka félagsauð grenndarsamfélags skóla með samþættingu skólastarfs við starfsemi í hverfinu. Til að þetta gangi upp var nefnt að skólastjórar þyrftu stuðning til þessa en einnig gætu þeir haft frumkvæði.

## FRAMHALDSSKÓLI FYRIR ALLA?<sup>4</sup>

### Úr ræðu ráðherra

Segja má að framhaldsskólinn sé það skólastig þar sem vænta má mestu breytinganna ef marka má menntalögin 2008 og þess vegna er haldin sérstök málstofa um framhaldsskólann. Markmiðið er að auka vægi almennrar menntunar út frá þeim grunnþáttum sem ég hef áður minnst á.

Við þurfum að vanda mjög endurnýjun framhaldsskólans. Það er mjög brýnt að velta fyrir sér hvernig framhaldsskólinn getur þróast þannig að hann þjóni breiðari hópi nemenda. Það er erfitt að lækna brottfall úr framhaldsskólum með lykilorðum eins og fjölbreytni eða fjölgun námsbrauta ef einungis bóknám til stúdentsprófs er talið virðingarvert. Háskólar og samfélagið allt þarfnast nemenda með mjög fjölbreyttan bakgrunn. Í þessu samhengi þarf að meta hvernig alið er á jákvæðum viðhorfum gagnvart ólíkum hæfileikum og virkni á ólíkum sviðum í skólunum.

Margir sem börðust fyrir afnámi samræmdra prófa við lok 10. bekkjar grunnskóla bentu á að þau hefðu þröngvað skólastarf á unglingastigi í einhæfar og bóklegar skorður. Nú hafa þau verið afnumin og því hefur skapast tækifæri til að endurhugsa það gildismat sem hefur verið ráðandi. Í tengslum við námskrárvinnuna er nú í ráðuneytinu unnið að viðmiðum og reglum um mat við lok grunnskóla og leiðbeiningum til kennara og skólastjórnenda um framkvæmd þeirra. Einnig er unnið að breytingum á innritun nemenda í framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja öllum nemendum sem útskrifast úr grunnskóla skólavist í framhaldsskólum, t.d. með því að auka skyldur framhaldsskóla til að taka nemendur úr sínu nærsamfélagi og tilraun með forinnritun í apríl. Samstarfsnefnd með hagsmunaaðilum vinnur nú að útfærslunni og þess er vænst að innritun í framhaldsskóla gangi betur í vor en undanfarin ár.

Ráðuneytið mun innan tíðar skapa vettvang þar sem starfsfólk framhaldsskólanna hittist, ber saman bækur sínar varðandi ólíkar leiðir sem hafa verið þróaðar í ýmsum skólum til að innleiða nýja námskrá. Þar mun gefast tækifæri til að skiptast á skoðunum og læra hvert af öðru. Leitast verður við að halda þróunar- og innleiðingarstarfi áfram eftir því sem fjárhagslegt svigrúm leyfir og samkomulag næst um.

### Verkefnið á menntaþinginu í málstofu um framhaldsskóla fyrir alla

Málstofan var opnuð með innleggi frá Dr. Gesti Guðmundssyni sem finna má á <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntathing>. Að innleggi loknu var þinggestum boðið að skrá hjá sér á miða helstu viðbrögð við innleggi Gestis.

<sup>4</sup> Umsjón með inntaki, ramma og mótun spurninga: Þórir Ólafsson, Gestur Guðmundsson, Björg Pétursdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Karl Kristjánsson, Ólafur Grétar Kristjánsson. Úrvinnsla gagna: Gunnar J. Árnason og Guðrún Erlendsdóttir. Fundarstjóri: Þórir Ólafsson.

## Almenn viðbrögð við erindi Gestis Guðmundssonar

Grunnskólinn gegnir lykilhlutverki í því að nemandinn sé fær um að velja sér leiðir í framhaldsnámi. Raunhæft sjálfsmat nemandans er lykill að vali á námi í framhaldsskóla. Þá þurfa að vera til framhaldsskólar sem starfa með hliðsjón af menningu og atvinnulífi.

Breyta viðhorfi og um leið sprengja kerfið innan frá. Hætta við niðurnjörvun og skiptingu námsins í kennslustundir með mismunandi kennslugreinar. Stokka upp rammann, hafa meira flæði, meiri samþættingu, lotur.

Þurfa að vera til skólar sem eru tilbúnir að taka við nemendum og þjóna þeim út frá áhugasviði hvers og eins. M.ö.o. þá þurfa framhaldsskólar (allir skólar) að starfa með tilliti til menningar og atvinnulífs í þjóðfélaginu.

Skipta um viðhorf gagnvart ýmsu námi – fagkennarar horfi á nemandann ekki síður en fagið.

Framhaldsskólar leggi mikla áherslu á leikni en ekki eingöngu á þekkingu.

Gera skólum kleift að sinna nemendum með minni bóklega námsgetu í minni hópum.

Vandamálið (brottfallið?) má rekja til vanlíðunar í efstu bekkjum grunnskóla og nemendur koma brotnir með slæmar væntingar inn í framhaldsskólann. Ekki endilega skólarnir einir sem bera þar ábyrgð heldur ýmislegt í þjóðfélagsgerð okkar.

Seinka skóladegi.

Auka möguleika á starfsþjálfun/starfsnámi í tengslum við atvinnulíf.

Ráðstefnan og spurningar eru um skólakerfi, ekki menntakerfi. Óformlegt og formlaust nám er ekki til umfjöllunar.

Því næst voru málefni hvers borðs útskýrð og umræða um þau. Málefni voru eftirfarandi:

### Fimm spurningar:

1. Aðgerðir gegn brottfalli.
2. Tengsl skóla og atvinnulífs í nýju ljósi.
3. Aukinn jöfnuður til náms.
4. Ólíkir aldurshópar nemenda.
5. Almennt menntunarhlutverk.

Það voru tvö borð sem tóku hverja spurningu í hvorri umferð svo að gera má ráð fyrir að um 40 manns hafi komið að umræðu um hvert málefni. Hér að neðan má sjá samantekið yfirlit yfir niðurstöður umræðna um hvert málefni. Fyrst eru sameiginleg niðurstaða sem borðstjórar tóku saman úr fyrri og seinni umferð settar fram og eftir því er efni minnismiðanna sem gestir fylltu út sett fram. Hverju umræðuefni var fylgt úr hlaði með blaði með nánari útskýringu á umræðuefninu og eru þær upplýsingar í lituðu reitunum í upphafi úrvinnslu hvers hluta.

### Aðgerðir gegn brottfalli

Um 96% ungmenna á Íslandi hefja nám í framhaldsskóla þegar að loknu skyldunámi. Hins vegar hætta margir námi þar eftir stutta skólavist og um 40% hafa ekki lokið framhaldsskólanámi við 22 ára aldur.

Þetta gerist þrátt fyrir að framhaldsskólar eigi að lögum að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Ástæðurnar liggja víðar en í skólanum en spurt er:

**Hverju þarf að breyta svo framhaldsskólar bjóði öllum ungmennum nám við hæfi, brottfall minnki og hærra hlutfall ljúki þar námi á tilskildum tíma?**

#### Fyrri umferð

- Skóli komi til móts við nemandann þar sem hann/hún er stödd
  - námssmiðja
  - vinna og verkefni í stað stundaskrár
- Breyta hefðbundnu námsframboði – fjölbreyttara skipulag
  - nemendur setji saman eigin námspakka
  - of margir skólar með einsleitt námsframboð
- Eldri mentorar og vinahópar
- Styrkja sjálfsmynd nemenda.

#### Seinni umferð

- Námsmat er oft skorðað við skrifleg lokapróf. Brýnt er að auka fjölbreytni því mjög mörgum nemendum lætur illa að taka slík próf.
- Framhaldsskólar eru íhaldssamir í kennsluháttum, ferkantaðir hvað varðar mat á verkum nemenda og koma of lítið til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda.
- Stórauka þarf skapandi nám og breyta viðhorfum til list- og verknáms með aukinni starfs- og námsráðgjöf. Viðhorfsbreytinga er þörf.
- Æskilegt er að breyta viðhorfi til bóklegs og verklegs náms, bæði viðhorfum kennara og almennings.
- Auka stuðning við nemendur, s.s. námsráðgjöf, einstaklingsmiðað nám og með því að ná betur til námsmanna og hvetja þá alla skólagönguna.
- Ekki innrita nemendur á almenna braut heldur á ýmsar fjölbreyttar námsleiðir.

#### Miðar

Markvissar stuttar kynningar fyrir nemendur þar sem þeir fá tækifæri til heimsóknna á vinnustað til að kynnst ákveðnu starfi. Hugsað þannig að nemandi og starfsmaður eyði degi saman.

Auka þarf valfrelsi í brautum/brautarlýsingum, þ.e. leyfa þarf nemendum að setja saman ákveðna námspakka í samráði við ráðgjafa (umsjónarkennara, námsráðgjafa, kennara).

Gera skólann skemmtilegri. Kennarar jákvæðir og hrósi nemandanum. Nemendum líði vel í skólanum.

Varðandi nemendur sem eiga við erfiðleika að stríða á ákveðnum sviðum að taka mið af þeim hæfnipáttum sem þeir búa yfir. Hafa viku eða einhvern ákveðinn tíma þar sem nemendur eru að kynnst atvinnulífinu. Skila af sér vinnu á einhverju formi og fá einingar fyrir.

Draga úr áhrifum námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum þar sem þeir hafa einsleita menntun að baki (bóknám). Líklega er best að leggja niður þær stöður og ráða félagsráðgjafa í félagslegu vandamálin og færa námsráðgjöfina yfir í heimilin.

## Tengsl skóla og atvinnulífs

Í íslensku samfélagi hafa lengi verið ríkjandi skörp skil milli formlegrar menntunar og þátttöku á vinnumarkaði. Þó er viðurkennt að bæði skólar og atvinnulíf gegna mikilvægu hlutverki í þjálfun til fullgildrar þátttöku í samfélaginu og að samspil þessara aðila getur verið með mismunandi hætti. Umhugsunarefni er hvort ekki megi tengja betur saman fyrstu skref á vinnumarkaði og nám í skóla. Því er spurt:

**Hvernig má tengja saman nám í skóla og þátttöku í atvinnulífinu með nýjum hætti til að búa ungmenni undir fullgilda þátttöku í samfélaginu?**

### Fyrri umferð

- Samræma aðferðir skóla og atvinnulífs
- Atvinnulíf komi inn í skólann með fagráð
- Vinnustaðir taki að sér kennslu og þjálfun
- Starf á vinnumarkaði metið til eininga í skóla
- Starfsnámssjóður og starfsráðgjöf
  - nemendur kynnist betur þörfum og kröfum starfsgreina
- Endurskoða námsmat.

### Seinni umferð

- Auka sveigjanleika skólanna t.d. með tilraunafyrirtækjum í skólunum
- Meta sjálfbærliðastarf innan og utan skóla til eininga sem og störf sem skólinn styður
- Meiri aðkoma atvinnufyrirtækja að uppbyggingu náms
- Tengingar við staðbundið atvinnulíf
  - vinnuskóli
  - sumarstörf metin
  - t.d. ferðaþjónusta þar sem hún er stór
  - meiri leiðsögn vegna nema í starfskynningu
  - rætt um greiðslur
  - líkan heimaskólakerfis menntavísindasviðs HÍ
  - frumkvöðlamennt
  - „nýting“ foreldra
- Verkefnamiðað nám á fyrsta ári og lokaverkefni úr framhaldsskóla
  - e.t.v. tengja brautir frumkvöðlamenntar
  - kennarar þurfa þjálfun
- Betri náms- og starfsráðgjöf
  - þykir of þröng
  - gagnrýni á áhugasviðskannanir og kostnað við þær
  - breiðari grunnur
  - meiri starfsráðgjöf.

## Miðar

Leiða saman þekkingu og aðferðafræði á lokastigum náms í framhaldsskóla í lokaverkefnum sem gætu haft starfs- eða vinnumarkaðstengingu.

Samningar við atvinnulífið: Hver skóli semji við fyrirtæki í starfsþjálfun til lengri eða skemmri tíma. Atvinnulífið meira inn í skólana. Borgað fyrir að taka við nemendum.

Krakkar sem læra t.d. uppeldisfræði gætu fengið að vera inni í leikskólum/grunnskólum nokkurn hluta áfangans.

Atvinnulífið á ekki að stjórna því sem gert er í skólunum en skólinn má ekki vera einangruð stofnun án tengsla við lífið utan hans. Þessi samvinna er að einhverju leyti viðkvæm.

Mætti þróa einhvers konar „meistarakerfi“ í tengslum við styttri starfsnámsbrautir? Þ.e. flétta saman bóklegu námi í skóla og verklegu námi á vinnustað. 1 önn á hvorum stað x2 þar sem fræðsluskylða er til 18 ára aldurs.

Meta sjálfsboðaliðsstarf og félagsstarf að verðleikum í framhaldsskólum.

Skil milli atvinnulífs hafa verið óljós til skamms tíma. Aðeins á allra síðustu árum hefur alist upp hópur ungs fólks sem hefur takmarkaða reynslu af atvinnulífinu, aðeins skóla. Verkleg kennsla í grunnskóla fer minnkandi eftir að sveitarfélög tóku yfir rekstur þeirra.

Aukin áhersla á vettvangsnám í efri bekkjum grunnskóla.

Nýta víðar þær starfsþjálfunaraðferðir sem lengi hafa tíðkast í kennaranámi.

Skapa áfanga á sviði sjálfboðaliðsstarfs og meta til fleiri f-eininga, kannski að fyrirmynd „mentor“ sem kenndur er í Kvennaskólanum.

Yfirfæra PRISMA hugmyndafræðina sem núna er á háskólastigi yfir á framhaldsskólann.

Verkefnaðið starfsnám. Nemandi í samráði við skóla og atvinnurekanda setji sér markmið sem tengjast hvoru tveggja, sem metin eru svo til eininga sem þáttur af náminu.

Aðferð/stjórnæki: verkefnastjórnun.

## Aukinn jöfnuður til náms

Samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarskrár íslenska lýðveldisins hafa allir jafnan rétt til náms án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Þó er það svo að aðgengi fólks að námi á framhaldsskólastigi er í reynd misjafnt af ýmsum ástæðum. Því er spurt:

**Hvernig getum við stuðlað að frekari jöfnuði allra til framhaldsskólamenntunar?**

## Fyrri umferð

- Fjölbreytni í námsleiðum
  - virðing fyrir menningarlegum fjölbreytileika og nemendum af erlendum uppruna.
- Stoðkerfi þjóni ólíkum þörfum nemenda.
- Aukin samvinna skólastiga.
- Bæta samstarf við nærsamfélagið og heimilin.
- Efla náms- og starfsráðgjöf með kynningu á lausnum og leiðum.
- Kennaramenntun bregðist við nýjum aðstæðum í þjóðfélaginu.
- Það þarf að breyta viðhorfum í samfélaginu þannig að áhersla sé ekki eingöngu á bóklegt nám. Þrýstingur frá foreldrum er oft mikill og nemandi fær hugsanlega ekki að njóta hæfileika sinna til náms sem búið er að kortleggja fyrir hann.
- Námsframboð þarf að vera fjölbreyttara og tengjast betur vinnu á ýmsum stöðum. Það þarf að vera meiri sveigjanleiki og taka inn í myndina það sem unglingur leggur af mörkum, t.d. í félagsfærni, listum og íþróttum. Stoðkerfi þarf að bjóða upp á góða þjónustu við hvern og einn nemanda sem þarf þess með.
- Kennaramenntun þarf að breyta í takt við það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Það er ekki nóg að kunna fagið. Kennari þarf að geta brugðist við hinum ýmsu aðstæðum innan skólastofunnar af öryggi, þó það komi faginu ekki við.

## Seinni umferð

- Skólarnir komi til móts við þarfir hvers og eins með kennsluháttum og sveigjanleika. Allir framhaldsskólar eru opnir fyrir alla nemendur.
- Efla aðgengi allra að námi í heimabyggð, t.d. með auknu dreif- og fjarnámi. Auka samvinnu skólastiga, samrekstur um framhaldsdeildir við grunnskóla. Fatlaðir eigi kost á að sækja nám við hæfi í heimabyggð.
- Auka samstarf atvinnulífs og skóla – meira flæði á milli á námstíma. Skólabækur/námsgögn í framhaldsskóla séu nemendum að kostnaðarlausu og verknám kosti sama og bóknám og heimavistargjöld séu á viðráðanlegu verði.
- Nemendur velja framhaldsskóla vegna þrýstings frá foreldrum. Vantar ráðgjafastöð fyrir nemendur sem leiðbeina hvað stendur til boða og hvað hentar nemandanum. Breyta þarf viðhorfum samfélagsins og sýna þarf öllum störfum virðingu. Fjölmíðlar mættu vel sýna inn í skólana og hafa „Gettu betur“ keppni í verklegum greinum.
- Í námi þarf að vera sveigjanleiki, stytta nám, bæta tengsl við atvinnulífið með því að efla starfskynningu á vinnustöðum. Námskeið t.d. í Bónus/Hagkaup eða stuttar starfsbrautir. Nemendur hafa gott af því að vinna hin ýmsu störf. Margvíslegt nám þarf að vera viðurkennt.
- Nemandinn læri á sínum forsendum, fái aðstoð og hjálp frá skólanum. Sérstök úrræði séu til staðar fyrir nemendur með sérþarfir. Meiri samvinna foreldra við framhaldsskóla. Þjóðfund í skólana!



## Miðar

Öllum framhaldsskólum ber skylda til að bjóða alla grunnskólanemendur velkomna. Námsleiðir og félagslega sjálfskipuð viðmið framhaldsskólanna við inntöku nemenda verði aflögð.

Heimavist þarf að vera góður og ódýr kostur fyrir þá sem hafa ekki skóla í heimabyggð.

Íslenskukennslu fyrir nýbúa þarf að auka.

Yfirfæra rekstur framhaldsskóla til sveitarfélaga. Nærþjónusta er til þess fallin að draga úr aðgreiningu skólastiga, auka flæði og samstarf, t.a.m. sérfræði- og stoðþjónustu o. fl.

Ókeypis skólabækur í framhaldsskóla.

Samrekstur ríkis og sveitarfélaga á framhaldsdeild við grunnskóla.

Skólaskylda til 18 ára.

Styttum skólann, útskrifum of seint að jafnaði.

Halda í jöfnunarstyrki til náms til þeirra sem ekki getað stundað nám í heimabyggð.

## Ólíkir aldurshópar nemenda

Aldursbil nemendahópsins í framhaldsskólum er mjög breitt. Þannig voru rúmlega 5000 nemendur í framhaldsskólum í fyrra eldri en 25 ára og 430 eldri en 50 ára. Vegna forgangs yngri nemenda verður erfiðara fyrir eldri nemendur að fá skólavist í framhaldsskólum. Því er spurt:

**Eigum við að halda áfram að hafa framhaldsskólann opinn öllum aldurshópum? Eða er e.t.v. komið að því að skilja þurfi að menntun yngri nemenda og fullorðinna menntunarlega og/eða fjárhagslega? Hverjir væru kostir þess og gallar?**

### Fyrri umferð

- Frelsi til náms óháð aldri
- Samstarf og sveigjanleiki milli formlega/óformlega skólakerfisins
  - Aukin áhersla á sveigjanlegt raunfærnimat
- Efla stoðþjónustu við nemendur með aukinni náms- og starfsráðgjöf
- Námsframboð sniðið að þörfum eldri nemenda
- Sérúrræði fyrir atvinnulaust ungt fólk (18 – 24 ára)
- Allir fá tækifæri til að hefja nám óháð aldri en hafa takmörkun á námslengd og endurtekningu í því námi sem skráð er til prófs.

### Seinni umferð

- Framhaldsskólinn á áfram að vera opinn öllum aldurshópum. Aðgreining í aldurshópa getur átt rétt á sér í einstökum tilfellum en ekki sem sparnaðaraðgerð.

- Aðgengi fullorðins fólks á landsbyggðinni þarf að vera tryggt. Þróa þarf skóla (*second chance*) fyrir þá sem treysta sér ekki í hefðbundna framhaldsskóla.
- Sérstök úrræði þarf fyrir fólk með þroskaraskanir. Leiðir inn í framhaldsskólann þurfa að vera opnar á öllum aldri. Menntandi atvinnuþátttaka, lýðháskólar og fjölsmiðjur eru dæmi um slíkt.
- Framhaldsskólinn á áfram að vera opinn fyrir alla nemendur en á að hugsa upp fleiri leiðir til að mæta slíkum þörfum, leyfa blöndun á milli námsbrauta og meta að verðleikum færni, hæfni og reynslu (raunfærnimat).
- Auka sveigjanleika náms og bjóða nemendum upp á fleiri inn- og útgönguleiðir þar sem kostir mismunandi kennsluhátta eru nýttir, t.d. með því að nemandi geti innan sama áfanga valið að vera í fjar-, dreif- eða staðnámi. Auðvelda nemendum í einu kerfi að vera í fjarnámi og staðnámi á sama tíma.
- Meta starfsreynslu og fjölga þeim greinum sem metnar eru í raunfærnimati.

## Miðar

Já endilega. Hafa hann opinn eldri nemendum. Ég kenndi í framhaldsskóla fyrir 25 árum og þá í öldungadeild líka. Þeir nemendur voru flestir áhugasamir og mun ábyrgari en þeir ungu og voru þeim góð fyrirmynd. Ekki skilja þá að. Í lagi að láta þá eldri borga smávegis, þeir yngri borgi ekki skólagjöld en eiga að borga fyrir bílastæði ef þeir eru á bíl og annað athæfi sem er mjög slæmt fyrir umhverfið.

Auka kennslufræðimenntun fagkennara svo þeir kunni til verka við að kenna eldri nemendum og fjölbreyttum nemendahópi.

Hafa báða valkosti opna, aldurskiptingu og blandað nám. Aðlaga nám fullorðinna að reynsluheimi þeirra. Námsefni við hæfi sem tekur tillit til aldurs og fyrri starfa.

Á e.t.v. að gera dýrara eða takmarka aðgang að framhaldsskóla eftir ákveðinn aldur og með því reyna að þvinga nemendur til að ljúka á „eðlilegum“ tíma?

## Almennt menntunarhlutverk

Hvert á hið almenna menntunarhlutverk framhaldsskóla að vera? Hvernig á það að birtast í starfi skólanna, inntaki og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, skólabrag og öðru sem máli skiptir?

### Fyrri umferð

- Fjölbreyttar námsleiðir og kennsluhættir
  - virðing fyrir ólíkum þörfum, áhugasviðum og hæfni
- Sveigjanleiki í þrepaskiptingu náms
  - auðvelda endurkomu í nám
- Skilgreina almennt menntunarhlutverk stærðfræðinnar
- Skapa samræður milli bóknáms og verknáms til að efla verklegan hluta grunnskólans
- Koma öllum til þroska sem þátttakendum í samfélaginu og atvinnulífinu, og undirbúa nemendur undir frekara nám.

## Seinni umferð

- Breið menntun (eins og hún er). Fjölbreyttar námsleiðir, t.d. fyrir öryrkja.
- Auka þekkingu á samfélagi og siðferði með siðbót að markmiði. Og þetta verði sett inn í menntun kennara.
- Lýðræði verði ástundað í skólum en ekki einungis kennt um lýðræði. Verði tekið upp í kennaramenntun.

## Miðar

Jafnt vægi listnáms, verknáms og bóknáms. Virkja alla hæfileika á jafnréttisgrunni.

Hið almenna menntunarhlutverk er tvíþætt. 1) Breið menntun til að opna glugga til framhalds, það er og hefur verið í ágætu lagi. 2) Aukin þekking á samfélagi og siðferði. Þetta tvennt á að birtast í viðhorfsmarkmiðum námskrár og menntun kennara í samræmi við það. Kveikja: Hvernig á kennari að kenna um lýðræði þegar hugtakið, fyrirbærið, sjónarhornið, skilningurinn hefur aldrei verið til umræðu í námi hans.

Koma sterkum og heilbrigðum einstaklingum til manns út í lífið.

## LOKAORÐ

Skipuleggjendur Menntaþings 2010 *Heildstæð menntun á umbrotatímum* vilja þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðust á eitt við undirbúning og framkvæmd þingsins. Sérstaklega verður að þakka Kennarasambandi Íslands, Heimili og skóla að ótöldum einstaklingum úr fræðasamfélaginu sem tóku að sér að vera borðstjórar á þinginu. Einnig starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem flestir lögðu hönd á plóg við undirbúning þingsins og í breiðfylkingu mættu á þingið og tóku að sér hlutverk fundastjóra, borðstjóra og almennra starfsmanna. Sérstaklega viljum við þakka Kristínu Dýrfjörð fyrir að kynna fyrir þinggestum niðurstöður *Þjóðfundar um menntun* og Ara Kristni Jónsyni fyrir að kynna menntahluta sóknaráætlunar 2020. Að ótöldum starfsmönnum stefnumótunar- og þróunardeildar mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir kynningu á námskrárvinnu í kjölfar nýrra laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Síðast en ekki síst á Dr. Guðrún Geirsdóttir miklar þakkir fyrir að taka að sér að vera ráðstefnustjóri eða reyndar þingstjóri á menntaþinginu og hafa yfirumsjón með fyrstu úrvinnslu gagna sem kynnt var á þinginu.

Vonandi hefur þingið nýst sem góður vettvangur til að veita upplýsingar um stöðu mála, stilla saman strengi og skiptast á skoðunum um ýmis álitamál.